

Fundarboð

Til allra sveitarstjórna

Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. verður haldinn föstudaginn 20. mars 2026 kl. 14:00 á Grand Hótel í Reykjavík.

Í samræmi við samþykktir Lánasjóðsins verður jafnframt boðið upp á fullgilda rafræna þátttöku á fundinum í gegnum Teams, en auk þess fer atkvæðagreiðsla á fundinum fram með rafrænum hætti. Aðilar þurfa að hafa meðferðis farsíma, eða tölvu, til að taka þátt í atkvæðagreiðslu.

Mikilvægt er að fundarmenn skrái sig fyrir fram á fundinn. Skráning á fundinn fer fram á heimasíðu sjóðsins www.lanasjodur.is.

Vakin er athygli á því að allir sveitarstjórnarfulltrúar eiga rétt á að sækja aðalfundinn svo og fulltrúar fjölmiðla skv. hlutafélagalögum (nr. 2/1995). Sveitarstjóri er sjálfkrafa handhafi atkvæðisréttar sveitarfélagsins.

Dagskrá aðalfundar

1. Setning fundar, kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur 2025 lagður fram til afgreiðslu.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs.
5. Tillögur um breytingar á samþykktum Lánasjóðsins.
6. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
7. Kosning stjórnar og varastjórnar skv. 15. gr. samþykktanna.
8. Kosning tilnefningarnefndar.
9. Kosning utanaðkomandi fulltrúa í endurskoðunarnefnd.
10. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
11. Ákvörðun um þóknun til stjórnar – og nefndarmanna fyrir störf þeirra.
12. Önnur mál.

Stjórn vill sérstaklega árétta að á fundinum verða kosnir þrír í tilnefningarnefnd. Í samræmi við 19. gr. samþykpta sjóðsins þurfa framboð að berast framkvæmdarstjóra minnst fimm dögum fyrir aðalfund á netfangið ottar@lanasjodur.is.

Ársreikningur fyrir árið 2025 ásamt tillögum til aðalfundar og greinargerð tilnefningarnefndar verða aðgengilegar á heimasíðu Lánasjóðsins www.lanasjodur.is.

Virðingarfyllt
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Óttar Guðjónsson framkvæmdastjóri